3. Sveinsbréf Stefáns Bjarnasonar sem húsgagnasmiðs (snikkara) Kh. 7/4 1839.
4. Fimm myndir, þ.e. smíðateikning af málverksgrind og önnur af stæði fyrir pensla og málningarílát og þrjár málverkamyndir, klipptar úr blöðum, líklega ætlaðar sem fyrirmyndir til að mála eftir.

E. 135

PORT REYKJAVÍK

Þessi gögn fjalla aðallega um hafnarfyrirkomulag við Reykjavík og viðleitni til að gera Skerjafjörð að frambúðarhafnarsvæði höfuð-staðarins. Dálítil hluti þeirra snýst um fyrirhugaða starfsemi bresks verslunarfyrirtækis í Reykjavík. Loks eru örfá gögn varðandi fossa í Soginu. Þessi gögn voru upphaflega í sýslu-skjalasafni Árnassýslu með dánarbússkjölum Ólafs Árnasonar, kaupmanns á Stokkseyri m.m., en voru svo flutt þaðan í Syrpu. Um Ólaf (1863-1915) sjá Brynleifur Tobíasson: Hver er maðurinn II, bls. 104.

Bréf til Ólafs Árnasonar

Bréfitarar:

- Einar Benediktsson, skáld, London, 1911 (4), 1914.
Det danske petroleums-aktieselskab, Kh., 1907.
Harbours and Piers Association Ltd., London, 1912 (2).
Jón Sveinbjörnsson, bóndi, Bíldsfelli, 1906 (3).
Knutzen, J.C., Kh., 1908.
Michaelsen, Hugo, kaupsýslum., Berlín, 1910.
Scott, James, málaflutningsm., Edinborg, 1913.
Sigurður Briem, pósthjálpari, Rv., 1906.
The British North-Western Syndicate Ltd., London, 1911 (2).
The North-Western Warehouse Ltd., London, 1911 (4).
F.skj.: Afrit af bréfi frá Eggerti Claessen og öðru frá Sveini Björnssyni s.á.
Thor (Þórarinn) E. Tulinius, kaupsýslum., Kh., 1907 (2).
Warburg, Alexander, kaupsýslum., Kh., 1907 (3).
Zöllner, Louis, kaupsýslum. og danskur ræðism., Newcastle on Tyne, 1905 (3), 1906 (3).

Bréf frá Ólafi Árnasyni, afrit og uppköst

Viðtakendur:

- Eggert Claessen, yfirdómslögm., Rv., 1912.
Fränkel, M., kaupsýslum., Hamborg, 1911.
Göty Gbr. & Co., Hamborg, 1911.
Hagerup & Doughty, útgerðarmenn, Grimsby, 1908.
Holm, C., olúfélagsforstjóri, Kh., 1907 ?.

Hjorth, F., & Co., Kh., 1911 ?.
Juul, M., & Co., 1911.
Jäger, B., kaupsýslum., Kh., 1911.
Lowenthal, Becker & Co., Hamborg, 1911.
Michaelsen, S., kaupsýslum., Kh. ? 1907.
Rawson, F.L., kaupsýslum., London, 1910.
Scott, James, málaflutningsm., Edinborg, 1913.
Warburg, Alexander, kaupsýslum., Kh., 1907.
Zöllner, Louis, kaupsýslum. og danskur ræðism., Newcastle on Tyne, 1907.

Ensk félög, sem Einar Benediktsson stóð að:

1. The Harbours and Piers Association Ltd., London. Fundar- gerð fyrsta aðalfundar, 18/6 1913. Hún er prentuð og aftan við hana er uppdráttur af Skerjafirði og nágrenni. Eru fyrirhugað hafnarsvæði og bryggja merkt þar inn.
2. The North-Western Warehouse Ltd., London. Félagslög 1908, prentuð.

Fossar í Soginu:

1. Uppkast að tilboði séra Jóns Thorsteinsens, prests á Þingvöllum, að selja Ólafi Árnasyni óskoraðan afnotarétt af Írafossi, að áskildu samþykki biskups.
2. Uppkast að tilboði Jóns Sveinbjörnssonar, bónda á Bíldsfelli, að selja Ólafi Árnasyni þá jörð ásamt óskoruðum afnotarétti af tilheyrandi fossum í Soginu. Plögg þessi eru ódagsett og með rithönd Ólafs Árnasonar. Bréfmíði með blýantsskrifuðum uppkastsdrögum fylgir með. Sbr. bréf Jóns Sveinbjörnssonar til Ólafs.

Hafnarfyrirkomulag við Reykjavík:

1. Grein R. Hammers sjóliðsforingja í Ísafold, 4/10 1902. Blaðið sjálf og 5 sérprentanir.
Hammer telur hafnargerð norðan megin of dýra og mælir með framtíðarhöfn í Skerjafirði.
2. Grein Hammers í enskri þýðingu. (Vérlit).
3. Stutt álitsskjal á dönsku, samhljóða skoðunum Hammers, dags. í Kh. í mars 1908.
Undir skjalinu eru nöfn Hammers og alþingismanna Stefáns Stefánssonar, Steingríms Jónssonar, Jóhannesar Jóhannessonar og Skúla Thoroddsens. Loks er nafn Lárusar H. Bjarnasonar, sem sat um það leyti í bæjarstjórn og hafnarnefnd Reykjavíkur og gerir því nokkurn fyrirvara. Á skjalinu stendur að vísu aðeins Lárus Bjarnason, en ekki getur verið um annan að ræða. Skjalið er í afriti Ólafs Árnasonar.
4. Greinargerð á ensku um hafnarmál Reykjavíkur, þ.e. eitt handskrifað eintak og tvö ítarlegri, vérlituð. Dagsetningu vantar, en þetta er greinilega frá því um 1913 og ætlað til upplýsinga fyrir aðila að hafnarfélaginu The Harbours and Piers Association.

Einkaskjalasöfn

5. Höfn við Skildinganes eða Port Reykjavík. Ljósrit úr fasteignamatsbók Kjósarsýslu. Lagt hér með til frekari upplýsinga um málið.

Kaupsamningar o.þ.h. um land við norðanverðan Skerjafjörð vegna fyrirhugaðrar hafnargerðar þar:

1. Landeigendur (Sigurður Briem, Ólafur Árnason, Gunnsteinn Einarsson f.h. Erlends Guðmundssonar, Björn Ólafsson) selja félaginu Höfn 2 miljónir ferálna lands norðan Skerjafjarðar, 8/6 1907. (Afrit).
2. Félagið Höfn veitir Ólafi Árnasyni ótakmarkað umboð til að semja um gerð hafskipabryggju í Skerjafirði og afsal lands félagsins í því skyni. Útdráttur úr gerðabók félagsins, 24/2 1908.
3. Samningsumboð til Ólafs Árnasonar í anda ofangreindrar samþykktar frá eigendum 7/8 hluta Skildinganes, Sigurði Briem, Erlendi Guðmundssyni og Birni Ólafssyni. Ódagsett afrit á dönsku.
4. Skuldbinding Sigurðar Briem, Þorleifs H. Bjarnasonar og Álfheiðar Briem að selja Ólafi Árnasyni hluta sinn af Skildinganesi, að því landi undanteknu, sem hefur þegar verið selt félaginu Höfn, 6/8 1913.
5. Skuldbinding Ólafs Árnasonar að selja Einari Benediktssyni, eða þeim sem hann tilvísar, hluta Sigurðar, Þorleifs og Álfheiðar í Skildinganesi, er hann hefur fengið kauparétt á samkvæmt ofangreindu skjali. Áritun Einars, að þetta bréf sé samhljóða honum afhentu skjali, 6/8 1913.

Kaupsamningar o.fl. varðandi húseignina Grundarstíg 5, árin 1912-1917:

1. Jóhann Jóhannesson selur Ólafi Árnasyni húseignina Grundarstíg 5. Kaupsamningur og kvittun fyrir fyrstu greiðslu, 20/8 1912.
2. Skuldabréf Ólafs Árnasonar vegna kaupanna, 28/9 1912.
3. Leyfi byggingarnefndar og bæjarstjórnar Reykjavíkur til Jóhanns Jóhannessonar að byggja íbúðarhús við Grundarstíg 5, 3/5 1912.
4. Samningur milli Guðmundar Halldórssonar trésmiðs og Péturs Magnússonar yfirdómslögmanns, f.h. skiptaráðanda í dánarbúi Ólafs Árnasonar, um kaup Guðmundar á húseigninni Grundarstíg 5, 26/1 1916.
5. Greinargerð Péturs Magnússonar yfirdómslögmanns til skiptaráðandans, sýslumanns Árnassýslu, um sölu húseign- arinnar, 14/7 1917.

E. 136

BÁLFARAFÉLAG ÍSLANDS

Stofnað í Rvík 6. febr. 1934, einkum að forgöngu Sveins Björnssonar sendiherra og Gunnlaugs læknis Claessens. Tilgangur félagsins: Að vinna að því, að líkbrennsla komist á og nái almennri útbreiðslu á Íslandi. 1964 var félaginu slitið og eignir þess lagðar í sérstakan sjóð, "Duftgarðasjóð" og kirkjugarða-stjórn Rvíkur falið að varðveita. Björn Ólafsson fyrrv. ráðh. afhenti Þjskjs. bókina 20. maí 1964.

Fundargerðabók Bálfarafélags Íslands 1934 - 1964.

E. 137

BINDINDISFÉLAG Í VESTMANNAEYJUM

Sbr. hófsemdar- og bindindisfélög 1843-1873, E. 275.

Skrá um Vestmannaeyinga, sem gengið hafa í bindindisfélag í des. 1848. - Með fylgir bréf, sem sr. Jón Austmann hefur sent Stefáni Gunnlaugssyni landfógeta, dags. 3. des. 1848, og hefur skráin fylgt bréfinu.

E. 138

SUNNANFARI

Sunnanfari. Blað, sem kom út á tímabilinu 1891-1914, fyrst í Kaupmannahöfn og síðan Reykja- vík. Sbr. Vilhjálmur Þ. Gíslason: Blöð og blaðamenn 1773-1944, bls. 197 o.áfr. Eftirgreind plögg voru áður í Syrpu, nr. 64.

Reikningsbók Sunnanfara 1893.

Bréf 1891 - 1894.

Reikningar, kvittanir o.þ.h. 1893 - 1895.

E. 139

SÖGUFÉLAGIÐ

Sögufélagið var stofnað í Reykja- vík 7. mars 1902 til að gefa út efni varðandi sögu Íslands. Eftir- greind plögg voru áður í Sýrpu nr. 60.

Bréf 1910 - 1921.

Ýmis plögg varðandi fundi og útgáfu Sögufélagsins 1903 - 1922.

Skýrsla Sögufélagsins 1918 (prentuð).

Reikningar, kvittanir o.þ.h. 1910 - 1922.

Nokkrar dómauppskriftir Jóns Þorkelssonar.

Ýmislegt smálegt.

E. 140

STÚDENTAFÉLAGIÐ KAUPMANNAHÖFN

Félag ísl. stúdenta í Kaupmanna- höfn var stofnað árið 1893. Fyrri skjalið afhenti Bjarni Jónsson frá Vogu Þjorskj. með bréfi 8. des. 1914, en hið síðara Jakob Gíslason með bréfi 22. okt. 1938.

Nefndarálit um stofnun ísl. stúdentafélags í Kaupmannahöfn, dags. 15. des. 1891 og undirritað af Boga Th. Melsted, Finni Jónssyni, Guðmundi Björnssyni, Magnúsi Torfasyni og Steingrími Jónssyni.

Skrá um stofnendur Félags ísl. stúdenta í Kaupmannahöfn 1893.

E. 141

ÞJÓÐHÁTÍÐIN 1874

Hátíð haldin til að minnast þúsund ára byggðar í landinu. Sbr. Brynleifur Tobíasson: Þjóðhátíðin 1874. Rv. 1958.

(Sjá einnig E. 273.9)

Ávarp þjóðhátíðarfundar Íslendinga við Öxará 7. ágúst 1874 til Jóns Sigurðssonar forseta, undirritað af Halldóri Kr. Friðrikssyni, Jóni Sigurðssyni á Gautlöndum og Birni Jónssyni ritstjóra.

Ávörp til þjóðhátíðarinnar frá:

1. Massachusetts Institute of Technology.
2. American Geographical Society.

Með fylgir eitt tbl. af Víkverja með nokkrum hátíðarávörpum.

E. 142

HJÚKRUNARFÉLAG GRUNÐARÞINGA

Félag í Öngulsstaða- og Hrafna-gilshreppum í Eyjafirði. Stofnað 8. júní 1913, einkum að frumkvæði sr. Þorsteins Briem. Var tilgangur félagsins að ráða hjúkrunarkonu til að annast sjúklinga á félagssvæðinu, sem eigi nutu sjúkrahúsvistar. Félaginu var slitið 1933 og fjármunum þess skipt milli kvenfélaganna í hreppunum. Gögn þessi bárust Þjskjs. 23. febr. 1953 og voru fyrst geymd í Syrpu nr. 68.

Gerðabók félagsins 1913 - 1933.

Lög félagsins 1917 (prentuð).

Bréf til félagsstjórnar 1932.

Skýrsla um meðlimi Hjúkrunarfélags Grundarþings 1926.

E. 143

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Stofnað í Rvík 22. nóv. 1950. Tilgangur félagsins: Að stuðla að rannsóknum og ferðalögum á jöklum landsins. Fyrsti formaður var Jón Eyþórsson veðurfræð-ingur. Bók þessi barst Þjskjs. í jan. 1974.

Gerðabók Jöklarannsóknafélags Íslands 1950 - 1961.

E. 144

KAUPFÉLAG REYKVÍKINGA

Stofnað 1915 og var Helgi Björnsson fyrsti formaður félags- stjórnar. Félaginu var skipt í deildir og verslaði á ýmsum stöðum í bænum. Það hætti störfum snemma á árinu 1929. Bókin barst Þjskjs. 1942.

Gjörðabók stjórnar Kaupfélags Reykvíkinga 1916 - 1924.

E. 145

HALLDÓR JÓNSSON

Halldór Jónsson (1810-1881). Prestur, prófastur, alþingismaður. Lengst á Hofi í Vopnafirði. Sjá Ísl. æviskrár og Alþingismannatal. Skjölin fundust í bréfabók Hofs- prestakalls.

Bréfaafrit o.fl.

Viðtakendur bréfa:

Páll Ólafsson, skáld og umboðsmaður, um 1872.

Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu, maí 1876.

Vigfús Sigurðsson, prestur, Sauðanesi, 16/9 1870.

Listar um kaupendur að Andvara, Norðanfara, Skírni, Víkverja.

E. 146

MAGNÚS GÍSLASON

Halldór Jónsson (1810-1881). Prestur, prófastur, alþingismaður. Lengst á Hofi í Vopnafirði. Sjá Ísl. æviskrár og Alþingismannatal. Skjölin fundust í bréfabók Hofs- prestakalls.

(1 askja)

Bréf, reikningar, kvittanir og skuldabréf eftirgreindra aðila:

Eggert Claessen, hæstaréttarlögm., Rv. 7/3 1934.

Guðjón Jónsson, Eskifirði, 14/4 1934.

Ísafoldarprentsmiðja, Rv. 15/9 1935.

Kaupfélag Austfjarða, Seyðisfirði, 28/8 1932.

Kristmundur Jóhannsson, f.h. Halldórs Jónssonar, Stekk, 28/12 1931.

Magnús Gíslason, sýslum., Eskifirði, skudabréf, 11/8 1925.

Nathan & Olsen, Rv., 10/12 1935 (2).

Páll Magnússon, lögfræðingur, Rv., gestaréttarstefna, 18/7 1935.

Símon Jónasson, Eskifirði, 5/3 1933.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson, Rv., 15/3 1933.

Málafærslumannsbók Magnúsar 1913-1921.

E. 147

JÓN LEVÍ JÓNSSON

Jón Leví Jónsson (1844-1931), úrsmiður.
- Var seinast á Stóru- borg í
Húnavatnssýslu.

(1 askja)

Þrjú bréf frá Þórði Hjartarsyni, Efri Brunná, til Eggerts Leví, Ósum, dags. 10. des. 1931, 23. febr. og 2. ágúst 1932. Bréfin eru um skuldaskipti Þórðar við dánarbú Jóns Leví Jónssonar. - Með fylgir reikningur um viðskipti Jóns Leví Jónssonar og Þórðar Hjartarsonar 1925-31.

Minniskompur (7 alls) Jóns Leví Jónssonar um úrsmiðaviðskipti sín.

E. 148

GRÁNUFÉLAGIÐ

Stofnað um 1870. Skyldi tilgangur félagsins vera að gera verslunina innlenda, bæta innlendan varning og flytja til landsins góða erlenda vöru. Verslaði félagið víða um Norður- og Austurland og hafði mörg skip í förum. Vegna skuldasöfnunar komst félagið æ meira undir yfirráð Fr. Holmes, dansks stórkaup-manns, uns Sameinuðu ísl. verslanirnar keyptu það 1912. Kaupstjóri félagsins frá upphafi til 1893 var Tryggvi Gunnarsson síðar bankastjóri. Sjá einnig E. 275.13.

Lög Gránufélagsins 1870.

Frumvarp til laga Gránufélagsins 1873.

Lög Gránufélagsins 1873.

Skýrsla um ástand og efnahag Gránufélagsins við árslok 1874 og 1875.

E. 149

BÍLSTJÓRAFÉLAG EYJAFJARÐAR

Stofnað á Akureyri 1935. Tilgangur félagsins: Að sameina alla bifreiðastjóra í sveitunum í grennd við Akureyri í eitt félag, að skipuleggja og samræma flutningsgjöld bifreiða á félags- svæðinu o.fl. Félagið var leyst upp 1949 og eignir þess afhentar Kristneshæli. Bókin var afhent Þjskjs. 23. febr. árið 1953.

Gerðabók Bílstjórafélags Eyjafjarðar 1935 - 1949.

E. 150

LÆKNAFÉLAG REYKJAVÍKUR

Læknafélag Reykjavíkur var stofnað árið 1909.

Gerðabók læknafunda 1896 - 1928.

Gerðabók læknafunda 1928 - 1936.

E. 151

KENNARAFÉLAGIÐ

Kennarafélag var stofnað í Reykjavík árið 1889 með það að markmiði að efla menntun íslensku þjóðarinnar. Sbr. Klemens Jónsson: Saga Reykjavíkur II, bls. 225-226. Helgi Elíasson fræðslumálastjóri afhenti skjölin Þjskjs. með bréfi dags. 9. ágúst 1968.

Svör við spurningum Kennarafélagsins frá 1897 frá próföstum, prestum og kennurum. Hér eru svör frá eftirtöldum:

Aðalsteinn Kristjánsson, kennari, Vopnaf.
Ari Jochumsson, kennari, Húsavík.
Árni Jónsson, kennari, Hörgárdal.
Árni Jónsson, prestur, Skútustöðum.
Árni Pálsson, kennari, Njarðvíkurhreppi.
Arnór Árnason, prestur Felli.
Ásmundur Sigurðsson, kennari, Skrauthólum, Kjalarnesi.
Baldvin Bergsteinsson (Bárðdal), kennari, Skagafirði.
Bjarni Jónsson (skólastjóri, Útskálum?), p.t. Hafnarfirði.
Björn Þorláksson, prestur, Dvergasteini.
Brynjólfur Gunnarsson, prestur, Stað í Grindavík.
Daníel Hjálmarsson, Höfða, Þverárhlið.
Davíð Guðmundsson, prestur, Hofi, Hörgárdal.
Með honum svara kennararnir:
Árni Jónsson.
Halldór Guðmundsson.
Jóhann Pálsson.
Stefán Marzson.
Eggert Jochumsson, kennari, Einarstaðasókn.
Einar Friðgeirsson, prestur, Borg.
Einar Pálsson, prestur, sjá Jóhannes Bjarnason.
Einar Thorlacius, Fellsmúla.
Erlendur Oddsson, Hópi (Hópskoti?), Grindavík.
Eyjólfur Guðmundsson, Hvammi.
Gísli Gestsson, kennari, Svarfaðardal.
Sjá sr. Tómas Hallgrímsson.
Gísli Hinriksson, kennari, Innri-Akraneshreppi.
Guðmundur Bildahl, kennari, sjá sr. Tómas Hallgrímsson.
Guðmundur Guðmundsson, prestur, Gufudal.
Guðmundur Helgason, prestur, Reykholti.
Guðmundur Vernharðsson, kennari, Landssveit.
Guðni Jónsson, kennari, Álfatröðum, Hörðudal.
Halldór Guðmundsson, kennari, Glæsibæjarhreppi.
Helgi Árnason, prestur, Ólafsvík.
Hjörleifur Einarsson, prestur, Undirfelli.
Ingimar Jónatansson, kennari, Grundarprestakalli, Eyjaf.

Þjóðskjalasafn Íslands

J. Magnússon (?).
Jakob Björnsson, prestur, Saurbæ, Eyjaf.
Jóhann Pálsson, kennari, Hörgárdal eða í grennd.
Sjá sr. Davíð Guðmundsson.
Jóhann Sigurðsson, kennari, Árskógsströnd
Sjá sr. Tómas Hallgrímsson.
Jóhannes Bjarnason, kennari, Fnjóskadal.
Með honum svara:
Einar Pálsson, prestur, Hálsi.
Ingólfur Bjarnarson.
Jóhannes Guðmundsson, kennari, Hrepphólasókn.
Jóhannes L. L. Jóhannesson, prestur, Kvennabrekku.
Jón Arinbjarnarson, kennari, Holtsprestakalli undir Eyja-fjöllum, sjá sr.
Kjartan Einarsson.
Jón Árnason, prestur, Otradal.
Jón Finsson, prestur, Hofi, Álftafirði.
Jón Jónsson, kennari, Skógum, Fellsströnd.
Jón Jónsson, Hofi.
Jón Sveinsson, prestur, Akranesi.
Með honum svara:
(Runjólfr) Þorsteinn Jónsson.
Sveinn Oddsson.
Jónas Einarsson, Ytrihlíð, Vopn.
Jónas Jóhannesson, kennari, Smyrlahóli, Dalas.
Jónas Jónsson, kennari, Flatey á Skjálfanda (?).
Jónas Jónsson, kennari, Hrísum, Eyjaf.
Kjartan Einarsson, prestur, Holti.
Kjartan Helgason, prestur, Hvammi, Dölum.
Kolbeinn Guðmundsson, Hlíð, Grafningi.
Kristinn Daníelsson, prestur, Söndum, Dýraf.
Kristján Guðnason, kennari, Torfastöðum, Vopn.
Lárus Benediktsson, prestur, Selárdal.
Lárus Helgason, kennari, Fossi á Síðu.
Ludvig Knudsen, prestur, Þóroddsstöðum í Kinn.
Magnús Andrésson, prestur, Gilsbakka.
Magnús Helgason, prestur, Torfastöðum, Árn.
Magnús H. Magnússon, kennari, Brekku, Ingjaldssandi.
Matthías Jochumsson, prestur, Akureyri.
Nikulás Þórðarson, kennari, Teigi í Fljótshlíð.
Ófeigur Vigfússon, prestur, Guttormshaga.
Ólafur Metúsalemsson, Burstarfelli, Vopn.
Ólafur Ólafsson, prestur, Lundi, Lundarreykjadal.
Páll Jóakimsson, kennari, Árbót, Aðaldal.
Páll Stefánsson, bóndi, Ásólfstöðum, Árn.
R. Þ. Jónsson, Akranesi, sjá (Runjólfr) Þorsteinn Jónsson.
Sigfús Jónsson, prestur, Hvammi, Laxárdal, Skag.
Siggeir Sigurðsson, kennari, Kálholtsprestakalli.
Sigrún Daníelsdóttir, kennari, Skagaf.
Sigurður Gunnarsson, prestur, Stykkishólmi.
Sigurgeir Ásgeirsson, bóndi og kennari, Heydalsá.

Einkaskjalasöfn

Sigurjón Jónsson, kennari, Vatnsleysuströnd.
Skúli Skúlason, prestur, Odda.
Stefán M. Jónsson, prestur, Auðkúlu.
Stefán Marzson, kennari, Arnarneshreppi, Eyjaf.
Sjá sr. Davíð Guðmundsson.
Sveinn Oddsson, sjá sr. Jón Sveinsson.
Tómas Hallgrímsson, prestur, Völlum, Svarfaðardal.
Torfi Bjarnason, skólastjóri, Ólafsdal.
Valdimar Briem, prestur, Stóranúpi.
Valgerður Bjarnadóttir, sjá sr. Guðmundur Helgason.
Vernharður Einarsson frá Hvítanesi, kennari, Súgandafirði.
Zóphónías Halldórsson, prestur, Viðvík.
Þorgils Friðriksson, kennari, Knarrarhöfn, Dalas.
Þorsteinn Bjarnason (?), Háholti, Gnúpverjahar.
Þorsteinn Jónsson (Runólfur Þorsteinn).
Sjá sr. Jón Sveinsson.
Ögmundur Guðmundsson, kennari, Hruna- og Tungufells-sóknnum.

E. 152

HALLDÓRSLUNDUR

Trjálundur í landi Stálpastaða í Skorradal, sem gamlir nemendur úr Hvanneyrarskóla gáfu fé til á árunum 1958-61 til minningar um **Halldór Vilhjálmsson** skóla-stjóra. Lundurinn er í umsjá Skógræktar ríkisins. Ingimar Jóhannesson, Laugarásvegi 47, sem var ritari söfnunarinnar afhenti Þjskjs skjölin. 30. nóv. 1961.

Skjöl og reikningar um fjársöfnun vegna Halldórs lundar Vilhjálmssonar skólastjóra á Hvanneyri, árin 1958 - 1961:

1. Fundargerðabók framkvæmdanefndar 1958 - 1961.
2. Bréf og fréttatilkynningar 1958 - 1961.

Hvanneyringar frá dögum Halldórs Vilhjálmssonar hafa rétt til að skoða plögg þessi.

E. 153

REKNETAFÉLAGIÐ VIÐ FAXAFLÓA

Félagið var stofnað árið 1899. Formaður þess var jafnan Tryggvi Gunnarsson bankastjóri. Samþykkt var á aðalfundi 1908 að slíta félaginu, en ekki var gengið frá uppgjöri að fullu fyrr en 1917. Gjörðabók þess keypti Þjskjs. af Ágústi Sigmundssyni, Hringbraut 30, Rv. árið 1981.

Funda- og gjörðabók Reknetafélagsins við Faxaflóa 1899-1917.

E. 154

HEIMBOÐSNEFND STEPHANS G. STEPHANSSONAR

Nefnd, skipuð fulltrúum ýmissa félaga, er gengust fyrir því 1917 að bjóða hingað til lands skáldinu Stephani G. Stephanssyni. Helgi Bergs afhenti Þjskjs. skjölin 19. nóv. 1917.

(1 askja)

Fjársöfnunarlistar 1917.

Bréf vegna söfnunarinnar 1917.

Sjóðbók heimboðsnefndarinnar 1917.

Skrá um þá, sem þátt tóku í samsæti til heiðurs Stephani G. Stephanssyni.

Skilagrein heimboðsnefndarinnar um tekjur og gjöld, dags. 10. nóv. 1917.

Reikningar og kvittanir.

Kvittanir og ávísanahefti.

E. 155

ÁLAFOSS

Tóvinnuverksmiðja í Mosfells- sveit.
Stofnuð 1895. Var helsti frumkvöðull
hennar Björn Þorláksson.

(2 öskjur)

- (1) Höfuðbók (viðskiptamannabók) 1913 - 1916.
 - Höfuðbók A 1927 - 1933.
- (2) Höfuðbók B 1927 - 1933.
 - Höfuðbók 1931 - 1933.
 - Höfuðbók 1930 - 1934.
 - Kladdabók 1926 - 1932.
 - Kassabók 1928.
 - Vörutalning 1. jan. 1933.

E. 156

KAUPFÉLAG ÁRNESINGA

Kaupfélag Árnesinga (gamla félagið) var
stofnað árið 1888. Sbr. Sögu Íslendinga
IX, 1, bls. 450-453. Skjölín afhenti Gunnar
B. Sigurðsson skrifstofustjóri Þjskjs. 8.
jan. 1965.

(2 öskjur)

- (1) Viðskiptamannabók 1899 - 1904.
- (2) Viðskiptamannabók 1905 - 1906.

E. 157

HIN ÍSLENSKA FÁLKAORÐA

Stofnuð í Rvík 3. júlí 1921 af Kristjáni konungi 10., sem var fyrsti stórmeistari orðunnar. Sjá t.d. Ríkishandbók Íslands 1965, bls. 276 og áfram. Sbr. E. 293. Skjölin voru afhent til Þjskjs. 22. nóv. 1950.

(1 askja)

Konungsbréf um stofnun Hinnar ísl. fálkaorðu, dags. í Rvík 3. júlí 1921.

Æviferilsskýrslur eftirtalinna, sem fengið hafa fálkaorðuna:

Ágúst Helgason, Birtingaholti.
Alexander Gíslason, Vestmannaeyjum.
Alexander Jóhannesson, prófessor.
Árni Sigurðsson, prestur.
Bergsteinn Ólafsson, Árgilsstöðum.
Bernhard Petersen, stórkaupmaður.
Bjarni Hjaltalín, fiskmatsmaður.
Björn Eymundsson, Lækjanesi.
Björn Guðmundsson, kaupm., Ísafirði.
Björn Kristjánsson, kaupmaður, Rvík.
Björn Sigfússon frá Kornsa.
Böðvar Þorvaldsson, Akranesi.
Eggert Laxdal, kaupmaður.
Einar Árnason, ráðherra.
Einar Kr. Guðnason, prentari.
Einar Jónsson, prestur, Hofi.
Einar Thorlacius, prestur.
Einar Þorgilsson, útgerðarmaður.
Eiríkur Briem, prófessor.
Elín Stephensen, landshöfðingjafrú.
Finnur Jónsson, prófessor.
Forberg, G., landsímstjóri.
Friðrik Bjarnason, Mýrum í Dýrafirði.
Friðrik Hallgrímsson, prestur.
Geir Zoëga, rektor.
Gísli Þorvarðarson, Papey.
Guðbjörg A. Þorleifsdóttir, Múlakoti.
Guðjón Samúelsson, húsameistari.
Guðmundur Ásbjörnsson, bæjarstjórnarforseti.
Guðmundur Guðmundsson, skólastjóri.
Guðmundur Lýðsson, Fjalli.
Guðmundur Magnússon, prófessor.

Einkaskjalasöfn

Guðmundur Pétursson, Ófeigsfirði.
Guðmundur Sveinsson, skipstjóri.
Guðmundur Þorbjarnarson, Stóra-Hofi.
Guðrún Aðalbjörg Gísladóttir, Seyðisfirði.
Guðrún Pétursdóttir, Víðivöllum.
Gunnlaugur Kristmundsson, sandgræðslustjóri.
Halldór Daníelsson, bæjarfógeti.
Halldór Jónsson, Vík í Mýrdal.
Hallgrímur Hallgrímsson frá Rifkelsstöðum.
Hannes Þorsteinsson, þjóðskjalavörður.
Haraldur Níelsson, prófessor.
Helgi P. Briem, sendiherra.
Hjalti Jónsson, konsúll.
Hjörleifur Jónsson, Skarðshlíð.
Jóhann J. Eyfirðingur, útgerðarmaður.
Jóhann Þ. Jósefsson, alþingismaður.
Jóhannes Sigfússon, kennari.
Jón Jónsson í Firði.
Júlíus Sigurðsson, bankastjóri.
Katrín Magnússon.
Konráð Hjálmarsson, Neskaupstað.
Kristín Vídalín Jakobsson.
Kristinn Guðlaugsson, Núpi.
Kristján Helgi Benjamínsson.
Kristján Friðrik Bergsson.
Kristján Ó. Skagfjörð, heildsali.
Lárus H. Bjarnason, hæstaréttardómari.
Magnús Bergmann, hreppstjóri.
Magnús Kristjánsson, ráðherra.
Magnús Sigurðsson á Grund.
Magnús Stefánsson, Flögu.
Mogensen, P. L., lyfsali.
Oddur Björnsson, prentari.
Oddur Thorarensen, lyfsali.
Ólafur Jóhannesson, kaupmaður.
Ólafur Þ. Johnson, stórkaupmaður.
Ólafur Jónsson, Akureyri.
Ólafur Ófeigsson, skipstjóri.
Ólafur Sæmundsson, prestur.
Páll Bjarnason, sýslumaður.
Páll Jónsson, Holtastöðum.
Páll Stefánsson frá Þverá.
Páll Sveinsson, yfirkennari.
Pétur Benediktsson, sendiherra.
Pétur Oddsson, kaupmaður.
Rannveig Þorvarðardóttir Schmidt.
Richard Thors.
Sighvatur Bjarnason, bankastjóri.
Sigurður Gunnarsson, prestur.
Sigurður Jónsson, skólastjóri.

Þjóðskjalasafn Íslands

Sigurður Sigurðsson, búnaðarráðunautur.
Sigursteinn Magnússon, framkvæmdastjóri.
Stefán Einarsson, prófessor.
Stefán Þorvarðsson, sendiherra.
Steingrímur Jónsson, rafmagnsstjóri.
Sveinbjörn Sveinbjörnsson, tónskáld.
Sæmundur Bjarnhéðinsson, læknir.
Theodóra K. Sveinsdóttir, matreiðslukona.
Thor Thors, sendiherra.
Thorvald Krabbe, vitamálastjóri.
Valtýr Guðmundsson, prófessor.
Viggó Björnsson, bankastjóri.
Þórður Sveinsson, læknir.
Þorgrímur Þórðarson, læknir.
Þorlákur Sigurðsson, ræðismaður.
Þorleifur H. Bjarnason, yfirkennari.
Þorleifur Jónsson, póstmeistari.
Þormóður Eyjólfsson, Siglufirði.
Þórunn Björnsdóttir, ljósmóðir.
Þorvaldur Arason, Víðimýri.
Þorvaldur Friðfinnsson, Ólafsfirði.

E. 158

NORRÆNA HEIMILIÐ

Hlutafélag áhugamanna úr Norræna félaginu, stofnað í Rvík 1945. Tilgangur félagsins: Að reisa félagsheimili fyrir starfsemi Norræna félagsins á Íslandi, sem jafnframt væri rekið sem gisti- og veitingahús. Fyrsti formaður félagsstjórnar og framkvæmda- stjóri var Guðlaugur Rósinkranz. Félagið hóf framkvæmdir á Kárastaðanesi við Þingvallavatn, sem ekki var lokið, og var félaginu slitið 1958. Guðlaugur Rósinkranz þjóðleikshússtjóri afhenti Þjskjs. skjölin 11. des. 1968.

(1 askja)

Fundargerðabók 1945 - 1959.
Höfuðbók 1946 - 1957.
Dagbók 1946 - 1956.

Einkaskjalasöfn

Teikning Guðjóns Samúelssonar af Norræna húsinu, sem fyrirhugað var að reisa á
Þingvöllum.

Bréf 1950 - 1959.

Reikningar Norræna heimilisins h.f. 1946 - 1959.

Fundaboð, reikningar, kvittanir o.þ.h.

133 innleyst hlutabréf í Norræna heimilinu h.f.

E. 159

**MINNINGARSJÓÐUR
HJÓNANNA ÓLAFS
ÞÓRÐARSONAR OG
GUÐLAUGAR ÞÓRÐAR-
DÓTTUR Í SUMARLIÐABÆ**

Stofnaður af sonum þeirra hjóna, Jóni Ólafssyni bankastjóra og Gunnari Ólafssyni kaupmanni. Tilgangur sjóðsins: Að styrkja efnalítla bændur í hinum forna Holtamannahreppi til þess að eignast ábýlisjarðir sínar. Afhent Þjskjs. 17. ágúst 1937.

Skipulagsskrá minningarsjóðsins, staðfest 30. apríl 1925.

E. 160

**BERKLAVARNASJÓÐUR
ÓLAFS HALLDÓRSSONAR
KONFERENSRÁÐS**

Stofnaður af fé, sem Ólafur Halldórsson konferensráð (1855-1930) ánafnaði ísl. ríkinu með erfðaskrá sinni 5. nóv. 1907. Skyldi fénu varið til að berjast gegn berklaveikinni á Íslandi. Birgir Thorlacius ráðuneytis- stjóri afhenti Þjskjs. skjölin f.h. Menntamálaráðuneytis 23. nóv. 1970.

Ljósrit af endurskoðuðum ársreikningum og öðrum skjalgögnum 1907 - 1967.

E. 161

LEGAT JÓNS SIGURÐSSONAR

Dánargjöf Jóns Sigurðssonar á Bökkvisstöðum í Svarfaðardal (1760-1846), er hann gaf til Vallahrepps. Stjórnarráð Íslands afhenti Þjskjs. 3. júlí 1933.

Höfuðbók legatsins 1880 - 1909.
Reikninga- og bréfabók legatsins 1848 - 1879.

E. 162

MINNINGARSJÓÐUR ÞORLÁKS JÓNSSONAR, INGIBJARGAR BJARNADÓTTUR OG SIGRÍÐAR BJARNADÓTTUR

Stofnaður 1956 af dánargjöf **Bjarna Þorlákssonar** trésmiðs, Grettisgötu 35, Rvík. (1873-1956) til minningar um foreldra sína og móðursystur. Fé sjóðsins notað til að kosta sjúkrastofu í Landsspítala Íslands og sjóðurinn lagður niður 1965. Gizur Bergsteinsson hæstaréttardómari og Jónas Guðmundsson skrif-stofustjóri afhentu Þjskjs. skjölin í mars 1968.

Gjörðabók sjóðsstjórnar 1956 - 1965.
Sjóðbók 1956 - 1964.
Reikningar sjóðsins 1956 - 1965.
Ýmis skjöl og skilríki varðandi sjóðinn.

E. 163

MINNISVARÐI JÓNS ARASONAR

Turn reistur að Hólum í Hjaltadal og afhentur Hóladómkirkju 1950 til minningar um Jón biskup Arason. Skjölin afhent til Þjskjs. 20. sept. 1950.

Afrit af gjafabréfi fyrir minnisvarða Jóns biskups Arasonar, dags. að Hólum 13. ágúst 1950.

E. 164

MINNISVARÐI JÓNS SIGURÐSSONAR

Landssöfnun 1880 til þess að reisa minnisvarða á gröf Jóns Sigurðssonar forseta og Ingi- bjargar konu hans.

Boðsbréf um minnisvarða á leiði Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur konu hans, dags. 10. júní 1880 og undirritaður af Tryggva Gunnarssyni, Halldóri Kr. Friðrikssyni, Hilmarí Finsen, Birni M. Ólsen og Helga E. Helgasyni. - Boðsbréfin eru jafnframt söfnunarlistar með nöfnum og framlögum gefenda.

E. 165

MINNISVARÐI TÓMASAR SÆMUNDSSONAR

Söfnun 1844-1845 til þess að reisa minnisvarða á gröf Tómasar Sæmundssonar.

Boðsbréf um minnisvarða eftir Tómas Sæmundsson, dags. í Khöfn 31. mars 1844 og undirritað af Konráði Gíslasyni, Gísla Thorarensen, Brynjólfi Péturssyni, Gísla Magnússyni og Jóni Sigurðssyni. Boðsbréfin eru jafnframt söfnunarlistar með nöfnum og framlögum gefenda.

Bréf til söfnunarnefndarmanna - bréfitarar:

Benedikt Björnsson, prestur, Fagranesi, 1844.
Benedikt Vigfússon, prestur, Hólum, 1845.
Jón Jónsson, prestur, Steinnesi, 1845.
Kristján Kristjánsson, sýslum., 1845.
Þórarinn Kristjánsson, prestur, Tjörn, 1844.
Þorleifur Jónsson, prestur, Hvammi, 1845.

Bók með tekjum og gjöldum söfnunarnefndarinnar.

Þrjár kvittanir B. Reinholds fyrir gerð minnisvarðans 1846.

Kvittun frá Kvisti prentara fyrir prentun boðsbréfsins 1844.

E. 166

MINNING JÓNS ÞÓRARINSSONAR

Árið 1945 var safnað fé til að láta gera brjóstlíkan af Jóni Þórarins-syni skólastjóra Flensborgar-skólans í Hafnarfirði og síðar fræðslumálastjóra. Myndina gerði Ríkharður Jónsson myndhöggvari og var hún afhent Flensborgar-skóla til eignar. Skjölín bárust Þjskjs. 18. okt. árið 1947.

Fjársöfnunarlisti og reikningsyfirlit.
Reikningar og kvittanir 1945 - 1946.

Bréf 1945 - 1947.

E. 167

MINNINGARSJÓÐUR GUÐJÓNS SAMÚELSSONAR

Sjóður stofnaður skv. arfleiðslu-skrá Guðjóns Samúelssonar húsameistara ríkisins (1887-1950). Tilgangur sjóðsins: Að útbreiða þekkingu á húsagerðar-list sérstaklega í íslenskum anda. Menntamálaráðuneytið afhenti Þjskjs. skjölin með bréfi dags. 18. des. 1870.

Arfleiðsluskrá Guðjóns Samúelssonar húsameistara, dags. 8. des. 1848.

Bréf, reikningar o. fl. varðandi minningarsjóð Guðjóns Samúelssonar meðan hann var í vörslu menntamálaráðuneytisins 1951 - 1962.

E. 168

MINNINGARSJÓÐUR JÓNS SIGURÐSSONAR

Á GAUTLÖNDUM Myndaður af söfnunarfé, sem afgangur varð, þegar safnað var til minnisvarða yfir Jón alþm. Sigurðsson á Gautlöndum (1828-1889). Tilgangur sjóðsins: Að veita verðlaun fyrir ritgerðir um búnaðarmál, samvinnumál, stjórn-mál eða framfarir Íslands.

Skipulagsskrá minningarsjóðs Jóns Sigurðssonar á Gautlöndum með konunglegri staðfestingu 6. ágúst 1913.

E. 169

MINNINGARSJÓÐUR JÓNS ÞORKELSSONAR

Stofnaður af samskotafé, er Jón Þorkelsson (1822-1904) rektor Lærða skólans lét af embætti 1895. Sjóðurinn ætlaður til verð-launa handa iðnum og duglegum skólapiltum.

Boðsbréf um samskot, dags. 12. mars 1895 og undirritað af J. Jónassen dr. med., Birni M. Ólsen dr. phil., Þorleifi Bjarnasyni cand. mag., Jóni Helgasyni prestaskólakennara og Georg Georgssyni stud med. - fyrir neðan eru nöfn og framlög þeirra, er saman skutu í sjóðinn.

E. 170

SJÓÐUR FYRIR EKKJUR OG MUNAÐARLEYSINGJA Í EYJAFJARÐARSÝSLU

Stofnaður 1787 af Jóni Jakobs-syni sýslumanni á Espihóli og Fr. Lynge kaupmanni á Akureyri.

Reglugerð um sjóð fyrir ekkjur og munaðarleysingja í Eyjafjarðarsýslu, dags. á Akureyri 23. sept. 1787. Einnig konungsstaðfesting á reglugerðinni, dags. 4. des. 1801. - Afrit.

E. 171

ÞJÓÐFUNDURINN 1851

Fundur þjóðkjörinna fulltrúa, sem fjallaði um stjórnarmálefni Íslands og stöðu landsins í Danaveldi. Um þjóðfundinn sjá t.d. Alfræði Menningarsjóðs, Íslandssaga, en þar er vísað til fjölda heimilda.

Opið bréf konungs til Íslendinga með loforði um þjóðfundinn, dags. 23. sept. 1848.

Erindi Þingvallafundar til þjóðfundarins 29. júní 1851. - Frumrit, sem lagt hefur verið fram á lestrarsal þjóðfundarins 21. júlí 1851.

Bréf til Íslendinga frá fulltrúum á þjóðfundinum, dags. 11. ágúst 1851. - Barst Þjskjs. frá Einari Sigurfinnssyni úr Meðal- landi 30. júní 1915.

Áskorun Þingeyinga til Trampes stiftamtmanns um að fara af landi burt og sækja um embætti í Danmörku, í okt. 1852.

E. 172

VATNAFÉLAG RANGÆINGA

Stofnað 5. des. 1928. Tilgangur félagsins: Að varna eyðileggingu og skemmdum af vatnaágangi úr Markarfljóti og vötnum þeim, sem úr því falla. Sigurþór Ólafsson, Kollabæ afhenti Þjskjs. skjölin 6. ágúst 1954.

Gerðabók félagsins 1928 - 1945.

Bréfabók félagsins 1928 - 1954.

Lög fyrir Vatnafélag Rangæinga, bréf og fleiri skilríki.

E. 173

STYRKTARSJÓÐUR VERKAMANNA Í DAGSBRÚN

Stofnaður 16. des. 1910 meðal féлага í verkamannafélaginu Dagsbrún, og skyldu veittir úr sjóðnum styrkir í veikindum félagsmanna. Kjartan Ólafsson og Sigurður Guðmundsson afhentu Þjskjs. bókina 24. febr. 1944.

Fundabók styrktarsjóðsins 1910 - 1945.

E. 174

FOSSAFÉLAGIÐ TITAN

Hlutafélag í eigu Íslendinga og útlendinga, myndað í þeim tilgangi að hagnýta vatnsorku á Íslandi. Félaginu slitið 1951. Ragnar Jónsson hæstaréttarlög- maður afhenti Þjskjs. skjölin f.h. skilanefndar Titans með bréfi dags. 20. júlí 1954.

(1 askja)

Fundargerðabók 1914 - 1951.
Gerðabók félagsstjórnar 1947 - 1952.
Hluthafaskrá.
Reikningabók 1947 - 1953.
Gerðabók skilanefndar.

E. 175

**HANNES
STEPHENSEN**

Hannes Stephensen (1799-1856), prestur. Stúdent í Bessa-staðaskóla 1818. Guðfræðipróf í Khafnarháskóla 1824. Prestur að Görðum á Akranesi 1825 og til æviloka. Bjó seinast að Ytra Hólmi. Alþm. Borgfirðinga 1845 til æviloka. Forseti Alþingis 1855. Þjóðfundarfulltrúi 1851.

Bréf frá Hilmari Finsen stiftamtmani og Pétri Péturssyni biskupi til Þórunnar Stephensen, Ytra Hólmi, dags. 15. júní 1870.

Bréf frá Niels W. Lassen sýslumanni til Þórunnar Stephensen, Ytra Hólmi, dags. 20. júní 1857.

Vitnisburður Hannesar Stephensens frá Bessastaðaskóla, dags. 4. júní 1818.

Veitingarbréf Hannesar Stephensens fyrir Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, dags. 26. sept. 1825.

Skjöl um skuldamál Hannesar Stephensens og Þórunnar ekkju hans 1855 - 1859.

Ýmis skuldabréf Hannesar Stephensens 1833 - 1857.

Kostnaðarreikningur við sjúkralegu og jarðarför Sigríðar Stephensens, ekkju Björns Stephensens á Esjubergi, frá síðari hluta árs 1869.

Húskveðja og líkræða haldnar yfir sr. Hannesi Stephensen 21. okt. 1856 af þeim Jakobi Finnbogasyni (?) og Pétri Péturssyni.

Ræður fluttar við jarðarför Magnúsar Hannessonar Stephensens í Khöfn 1856, önnur eftir Fr. Hammerich, hin nafnlaus.

Eftirmæli um sr. Hannes Stephensen prófast á Ytra Hólmi. - Eftirmæli eftir Benedikt Gröndal eru prentuð, hin eru skrifuð og sum ekki höfundargreind.

E. 176

GRÍMUR JÓNSSON

Grímur Jónsson (1785-1849), amtmaður. Stúdent í Hólavalla-skóla 1802. Lögfræðipróf í Khafnarháskóla 1808. Bæjarfógeti í Skelsör 1819. Amtmaður í Norður- og Austuramti 1824. Bæjarfógeti í Middelfart 1833. Aftur amtmaður í Norður- og Austuramti 1842 og til æviloka. Fulltrúi Íslands á stéttapöngum í Hróarskeldu 1840 og 1842.

Bréf til Gríms Jónssonar - bréfitarar:

Christian Frederik, síðar Kristján VIII, 1836.
Collin, Jonas, depúteraður, Khöfn, 1824.
Gunnlaugur Briem, sýslum. (?), ca. 1830.
Harboe, G. & T., Skelskør, 1827.
Kansellíð, 1820.
Neergaard, P. J., gósseigandi, 1831.
Rask, Rasmus Christian, málfræðingur, 1818.
Stemann, P. C., ráðgjafi, 1819, 1821, 1824 (2).
Tvede, M. H., sýslumaður, 1831 (2).

Önnur skjöl:

Oversættelse af Executions Forretning gegn Ásmundi Gunnlaugssyni presti á Hvanneyri í Siglufirði, dags. 23. júní 1826.

Ýmis skjöl, prentuð og skrifuð, komin úr samtíningi frá Páli Melsted sagnfræðingi.

Prentað:

Skilmálar með hverjum Hóla biskupsstóls jarðagóss skal seljast, dags. 13. mars 1802.

Fortegnelse over de Valgbare i det tolvte Distrikt for de mindre Landeiendommebesiddere i Sjællands, Fyns og Lolland-Falsters Stifter, dags. 3. nóv. 1840.

Útlegging af bréfi til rentukammersins frá Viborg, kennara við dýralæknaskólann í Khöfn, dags. 27. mars 1844, um fjársýki á Íslandi.

Nokkur óútfyllt eyðublöð (byggingarbréf, kapitulstaxti fyrir sýslur á Íslandi, reisupassi frá Middelfart).

Skrifað:

Reglugerð fyrir Ara Sæmundsen umboðsmann Munka-þverárklosturs,
dags. 22. mars 1831.

Skýrsla um búfjáreign á Íslandi eftir ömtum, frá árinu 1844.

Skrá um íbúafjölda í sýslum í Norður- og Austuramti 1845.

Ýmsir reikningar.

Lóðseðill eftir Sigríði Stefánsdóttur á Espihóli 19. maí 1820.

Útskrift úr þingbók Eyjafjarðarsýslu 13. júní 1825 (þýðing á dönsku).

Dómur í máli gegn sr. Ásmundi Gunnlaugssyni á Hvanneyri, dags. 20. sept.
1824.

Dómur í máli gegn Elínu Jónsdóttur 20. sept. 1824 (á dönsku og íslensku).

Undirréttning um leigumála á Grund með hjáleigum, dags. 28. ágúst 1819.

Bréfa- og reikningauppköst, mest með hendi Gríms Jónssonar amtmanns.

Uppkast að arfleiðsluskrá Gríms Jónssonar amtmanns, mars 1847.

E. 177

**HERMANN E.
JOHNSON**

Hermann E. Johnsson (1825-1894), sýslumaður. Stúdent í Rvíkurskóla 1849. Lögfræðiþróf í Khafnarháskóla 1856. Sýslu-maður í Rangárþingi 1861-1890. Bjó á Velli í Hvolhreppi. Þórður Tómasson safnvörður að Skógum undir Eyjafjöllum afhenti Þjskjs. skjölin 1978.

Kvittanir frá Justitsministeriet 1861 - 1865, merktar bréfadag-bók stiftamtmanns, en sendar sýslumanni.

Afrit af athugasemdum við reikninga Jarðabókarsjóðs 1860 - 1861.

Skjöl um skipti eftir Guðmund Jónsson, hálfbróður Hermanns Johnssonar, 1853 - 1854.

Skrá um dánarbúspeninga, sem sendir voru til bæjarfógetans í Rvík í júlí 1861.

Uppkast að bréfi Hermanns E. Johnssonar til Justitsministeriet 4. sept. 1869.

Afhendingarskrá um skjalasafn landfógetaembættisins 1. júlí 1861.

E. 178

**ÓLAFUR E.
JOHNSEN**

Ólafur E. Johnsen (1808-1885), prestur. Stúdent úr heimaskóla 1831. Guðfræðipróf í Khafnarhá-skóla 1837. Fékk Breiðabólstað á Skógarströnd 1837, Stað á Reykjanesi 1840 og var þar til æviloka. Lengi prófastur í Barða-strandarsýslu. 2. þjóðfundarfull-trúi Barðstrendinga 1851. Úr eftirlátnum plöggum Þórðar Sveinssonar yfirlæknis á Kleppi. - Dr. Gunnlaugur Þórðarson afhenti Þjskjs. í des. 1964.

Skýrsla um lok þjóðfundarins 1851, dags. 26. ágúst s. á., stíluð til Barðstrendinga. Einnig bréfkafli frá danska kirkju- og kennslumálaráðuneytinu til Helga G. Thordersens biskups um framferði Ólafs og þessa skýrslu, dags. 20. sept. 1852 (eftirrit).

E. 179

ÓLAFUR SÍVERTSEN

Ólafur Sívertsen (1790-1860), prestur. Stúdent í heimaskóla 1816. Varð prestur í Flatey 1823 og til æviloka. Lengi prófastur í Barðastrandarsýslu. Stofnaði framfarafélag Flateyjar 1820 og stóð með öðrum að útgáfu Gests Vestfirðings. Alþm. Barðstrendinga 1853-57. Áhugamaður um öll þjóðmál og búiöldur mikill. Fyrri bréfið afhenti Magnús Pétursson, fyrrv. kennari, Þorfinnsgötu 4, Rvík, Þjskjs. 9. sept. 1965. Seinna bréfið var sent Þjskjs. 9. maí 1933 af Haraldi Jónassyni presti á Kolfreyjustað.

Bréf til sr. Ólafs Sívertsens - bréfritarar:

Eiríkur Kúld, prestur, Flatey, 1844.

Guðbrandur Jónsson, sýslum., Feigsdal, 1840.

E. 180

PÁLL MELSTED

Páll Melsted (1812-1910), sagn-fræðingur.
- Stúdent í Bessa- staðaskóla 1834. Við laganám í Khafnarháskóla. Settur sýslum. í ýmsum sýslum 1848-55. Tók próf í dönskum lögum 1857. Eftir það sýslum. í Gullbr.- og Kjósars. og málflutningsmaður í Landsyfir- rétti. Lengi sögukennari í Latínu- skólanum. Þjóðfundarfulltrúi Snæ-fellinga 1851 og alþm. 1859-63. Ritaði margt og þýddi um söguleg efni.

Bréf til Páls Melsteds - bréfitrarar:

Hansen, H. N., hæstaréttarlögmaður, Khöfn, 1868.
Jóhannes Guðmundsson, sýslumaður, 1867.

Ýmis skjöl:

Kaupsamningur milli Þórðar Sveinbjörnssonar dómara í Landsyfirrétti og Páls Melsteds sýslumanns um jörðina Hjálmholt í Árnessýslu, dags. 30. ágúst 1835.

Umsókn Péturs Fr. Eggerz um makaskipti á svonefndu Garðaplátzi í Staðarsveit og nokkrum umboðsjörðum í Strandasýslu, dags. 9. og 15. apríl 1863.

Yfirlit um mál og nefndir á Alþingi 1871 o. fl.

Skjöl varðandi Lærða skólann 1834 - 1869:

Bessesteds oekonomiske Status den 31^{te} Julii 1834.

Auglýsing um uppboð á ýmsu skólagóssi, dags. 1. nóv. 1847.

Liste over den lærde Skoles Inventarium, dags. 1. jan. 1848.

Uppkast að reikningi Páls Melsteds til Lærða skólans í Reykjavík fyrir tímakennslu 1869, einnig uppkast að umsókn um frekari tímakennslu.

Skjöl, er varða eftirtalin mál:

Laufásprestakall gegn eiganda jarðarinnar Ness í Grýtubakkahreppi.

Bræðurnir Guðmundur og Gísli Ívarssynir gegn hreppstjórum Ásbirni Ólafssyni og Jóni Erlendssyni.

Einkaskjalasöfn

Réttvísín gegn Einari Jónssyni, Guðbjörgu Guðmunds- dóttur, Jóni Einarssyni m. fl. úr Húnavatnssýslu.

Gísli bóndi Guðmundsson á Gíslastöðum gegn eigendum og ábúendum Hamra í Grímsnesi.

Jón Sigurðsson á Gautlöndum gegn sýslumanni Lárusi Sveinbjörnssyni og amtmanni J. P. Havsteen.

Tryggvi Gunnarsson gegn amtmanni J. P. Havsteen og sýslumanni Lárusi Sveinbjörnssyni.

Barnsfaðernismál Guðbjargar Jónsdóttur á Ísafirði.

Skólakennari Halldór Kr. Friðriksson gegn Einari Einarssyni hreppstjóra í Seltjarnarneshreppi.